SKÝRSLA MÁLNEFNDAR UM ÍSLENSKT TÁKNMÁL

STARFSTÍMABILIÐ 2020 - 2024

7.6.2024

STARFSEMI MÁLNEFNDAR UM ÍSLENSKT TÁKNMÁL 2020-2024

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar Málnefnd um íslenskt táknmál (MÍT) til fjögurra ára í senn í samræmi við 7. gr. laga nr. 61 frá 7. júní 2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Ráðherra skipar fimm menn til setu í nefndinni til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Við skipun nefndarinnar skal haft samráð við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, hagsmunasamtök heyrnarlausra og heyrnarskerta hér á landi og Samband íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra velur formann og varaformann.

Hlutverk Málnefndar um íslenskt táknmál er að stuðla að eflingu íslensks táknmáls, notkun þess í íslensku þjóðlífi, styrkja stöðu þess og virðingu og beita sér fyrir aðgerðum til varðveislu þess. Í þessu felst m.a. að vinna að samræmi í táknanotkun og annarri stöðlun íslensks táknmáls sem tjáningarmiðils eftir því sem eðlilegt þykir og skynsamlegt getur talist. Málnefnd um íslenskt táknmál er ætlað að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmál, til að mynda skal leita umsagnar málnefndarinnar áður en settar eru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenskt táknmál að svo miklu leyti sem einstök atriði heyra ekki undir aðra samkvæmt öðrum lögum. Um málstefnu og stöðu íslensks táknmáls skal leitað samvinnu við Málnefnd um íslenskt táknmál, sbr. 7. gr.

Málnefnd um íslenskt táknmál er þannig skipuð, **tímabilið 15. júlí 2020 - 14. júlí 2024:**

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður

Rannveig Sverrisdóttir, varaformaður

Árni Ingi Jóhannesson

Árný Guðmundsdóttir

Hjördís Anna Haraldsdóttir

Varamenn:

Helga Ingibergsdóttir

Jóhannes Gísli Jónsson

Júlía G. Hreinsdóttir

Sigríður Vala Jóhannsdóttir

Uldis Ozols

Fundir og fyrirkomulag

Í byrjun skipunartímabils árið 2020 voru fundir haldnir einu sinni í mánuði, einn klukkutíma í senn. Árið 2023 var fundartímum breytt og voru þeir haldnir annan hvern mánuð í einn og hálfan klukkutíma í senn. Að auki voru haldnir undirbúnings- og vinnufundir með ýmsum aðilum. Fundir voru oftast nær á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH), í gegnum fjarfundabúnað vegna samkomutakmarkana, í Félagi heyrnarlausra og Háskóla Íslands. Fundir voru iðulega túlkaðir af tveimur túlkum, fyrir utan tvo fundi, í maí 2021 en þá voru allir fundarmenn táknmálstalandi og í desember 2022 vegna anna túlka SHH. Varamenn voru kallaðir til eftir þörfum og gætt var að jafnvægi þátttöku heyrandi og heyrnarlausra fundarmanna. Ritarar koma úr röðum starfsmanna SHH og starfshlutfall þeirra er 10% samanlagt, núverandi ritarar eru Sigurður Jóel Vigfússon og Steinunn Birna Jónsdóttir. Nefndin greiðir laun ritara til SHH.

Norrænt samstarf og NTN

Formaður og aðrir fulltrúar nefndarinnar hafa setið fundi Nordiska teckenspråksnätverket (NTN) ár hvert á skipunartímabilinu. NTN er samstarfsvettvangur táknmálsnefnda Norðurlanda og fær fjármagn sitt frá Norrænu ráðherranefndinni. Ísland gegnir nú formennsku í NTN, og sjáum við fram á að halda stóran fund hér í haust. Hér verður stiklað á stóru í verkefnum NTN.

NTN hefur lagt sérstaka áherslu á málefni táknmálsbarna, skoðað var sérstaklega aðgengi barna að táknmáli og lagaleg staða táknmála á Norðurlöndum. MÍT fékk sendan langan spurningalista um stöðuna á Íslandi, ákveðið var að biðja lögfræðing Félags heyrnarlausra að svara honum. Norræna ráðherranefndin fullyrðir að Norðurlöndin eigi að vera besti staður í heimi fyrir börn en samkvæmt skýrslu OsloMet, sem var m.a. unnin upp úr áðurnefndum spurningalistum, er það ekki raunin fyrir táknmálsbörn og aðgengi að táknmáli í skólaumhverfinu er talið mjög ábótavant.

Heimasíða www.TegnTube.com var sett í loftið haustið 2022, gríðarlega umfangsmikið verkefni sem stóð í tæplega þrjú ár. Markmiðið var að táknmálsbörn

og ungmenni á Norðurlöndum fengju tækifæri til að tjá sig og fræðast um eigið táknmál og annarra. Þrjú íslensk ungmenni tóku þátt og sóttu vinnustofur, rafrænar vegna Covid-19 faraldurs, og fræddust um táknmál Norðurlanda, sögu táknmála, döff áhrifavalda, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og fleira. Þar að auki tóku ungmennin upp myndbönd af sér að tjá sig á sínu táknmáli og báru saman tákn í táknmálunum yfir mismunandi hugtök. Verkefnið hefur hlotið góðar viðtökur.

Á fundi í nóvember 2022 hófust viðræður um nýtt verkefni, ákveðið var að fara í gagnasöfnun til að afla tölfræðilegra upplýsinga um táknmálstalandi á Norðurlöndum. Vinna af slíku tagi hefur t.d. átt sér stað í Wales og Ástralíu. Hófst þá mikil undirbúningsvinna enda flókið verkefni, síðan var haft samráð við aðra aðila t.d. NSN (raddmálsnefndir Norðurlanda), Norðurlandaráð heyrnarlausra og hagstofur Norðurlanda. Haldin var vinnustofa með nokkrum fyrirlesurum frá ýmsum stofnunum og nefndum og varð það ljóst að gagnasöfnun á tölfræði um minnihlutahópa, eins og döff fólk, er dýrmætt verkfæri í réttindabaráttu.

Dagur ÍTM

Dagur íslenska táknmálsins var veigamikill hluti í starfsemi nefndarinnar og er haldinn hátíðlegur 11. febrúar ár hvert. Heimsfaraldur kórónuveirunnar hafði mikil áhrif, sérstaklega árin 2021 og 2022, og erfitt reyndist að skipuleggja viðburði enda ómögulegt að spá fyrir um hvort, hvenær og hvernig samkomutakmarkanir væru hverju sinni. Hér verður farið yfir þá viðburði sem MÍT stóð fyrir í samvinnu við ýmsa aðila og aðra viðburði sem þykir vert að nefna, en listinn er ekki tæmandi:

Árið 2021 safnaði MÍT myndböndum frá 21 málhöfum ÍTM, fólk hafði verið beðið að svara spurningunni „Af hverju nota ég táknmál?“. Myndböndin voru klippt, textuð og birt á Facebook síðu MÍT. Dagurinn var mjög sýnilegur þetta árið, til að mynda birti Vísir grein frá formanni nefndarinnar um 10 ára afmæli laga nr. 61/2011, þríeykið bauð góðan dag á íslensku táknmáli á upplýsingafundi almannavarna og RÚV sinnti deginum með því að taka viðtöl við döff í Landanum og kvöldfréttir og KrakkaRúv voru túlkuð þennan dag. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir tókst að halda Café Lingua viðburð í samstarfi við Borgarbókasafnið en þar talaði Arnar Ægisson, þá táknmálskennari SHH, um hvernig táknmálskennslu væri háttað á netinu.

Samstarf MÍT og Borgarbókasafnsins um táknmálsviðburði í tilefni dagsins hófst 2019 og hafa vakið mikla lukku ár hvert, nefndin vonast til áframhaldandi samstarfs næstu árin. Að auki hefur nefndin staðið fyrir kosningu á tákni ársins og kynnt það á deginum og varð táknið COVID-19 fyrir valinu.

Uppi voru áform um að halda röð umræðufunda í tengslum við 11. febrúar 2022 um framtíð íslensks táknmáls. Það gekk ekki eftir því að reglur um samkomutakmarkanir voru hertar í ársbyrjun 2022, ákveðið var að fresta þeim til desember og er fundunum gerð skil í kaflanum *Viðburðir* hér fyrir neðan. MÍT og Samtökin ’78 stóðu fyrir keppni í táknasmíð fyrir fjögur hinsegin hugtök; Eikynhneigð, kvár, stálp og kynsegin. Tákn og höfundar voru kynnt 17. febrúar og fjallaði Morgunblaðið um niðurstöðurnar. Það náðist að halda táknmálsviðburð undir formerkjum Opins samtals, en það er hlutlaus vettvangur Borgarbókasafnsins með það að markmiði að brúa bilið á milli einstaklinga, samtaka og stofnana. Uldis Ozols, táknmálskennari, fræddi gesti um VV-sögur (*Visual vernacular*) og frásagnarhefðina sem er mjög rík í táknmálum. Tákn ársins var að þessu sinni FRAMLÍNUSTARFSFÓLK.

Árið 2023 fögnuðu margar stofnanir degi ÍTM. MÍT og Borgarbókasafnið stóðu fyrir viðburði í Grófinni að vanda. Jakub Grojs hélt þar fróðlegt erindi og samtal um málefni táknmálstalandi innflytjenda, aðlögun að samfélaginu og tileinkun íslensks táknmáls. Félag heyrnarlausra gaf út ÍTM app, sem gjöf til allra landsmanna, og veitti þremur félagsmönnum heiðursviðurkenningar. Döff listamaðurinn „FlowTV“ frá Svíþjóð var með vinnustofu í félaginu um Döff húmor og uppistand. SHH birti tvær MA rannsóknir starfsmanna á heimasíðu sinni og myndbönd af táknmálstalandi börnum. RÚV tók virkan þátt; Krakkafréttir skörtuðu Döff fréttamanni, Kolbrúnu Völkudóttur, en heyrandi fréttaþulur tók stað túlks og flutti þaðan fréttirnar á íslensku. RÚV heimsótti félagið og tók viðtöl við félagsmenn í kvöldfréttum og Árný Guðmundsdóttir sagði frá túlkaferli kvöldfrétta á TikTok aðgangi RÚV. FLÓTTAFÓLK var kosið tákn ársins.

Dagur ÍTM var sérstaklega viðburðarríkur árið 2024 og fólk hafði ekki undan að mæta á alla viðburði. MÍT fór í samstarf við marga aðila: Menningar- og viðskiptaráðuneyti (MVF), SHH, Listasafn Reykjavíkur og Borgarbókasafnið. Hátíðardagskrá á vegum SHH, í samvinnu við MÍT og MVF, fór fram í Listasafni

Reykjavíkur. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra veitti Valgerði Stefánsdóttur heiðursviðurkenningu MÍT fyrir sitt framlag til íslenska táknmálsins. Einnig heiðursviðurkenningu SHH Önnu Jónu Lárusdóttur fyrir varðveislu íslensks táknmáls. Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður MÍT og FH, hélt ræðu og kynnti tákn ársins sem var KVIKUGANGUR. Þá var einnig frumflutt menningarefni fyrir táknmálsbörn og boðið upp á veitingar. Listasafn Reykjavíkur og MÍT buðu upp á táknmálsleiðsögn Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um listasýninguna „Erró: Valdatafl". Viðburður Borgarbókasafns og MÍT var á sínum stað að vanda, Eyrún Ólafsdóttir, ÍTM málhafi og kennari í Hlíðaskóla sagði frá reynslu sinni af skólakerfinu sem fyrrverandi nemandi og núverandi kennari.

Á fundi nefndarinnar í mars 2024 var ákveðið að setja fasta umgjörð um dagskrána til að auðvelda fyrirsjáanleika og stuðla að samvinnu við þá sem hyggjast fagna deginum. Nefndin ákveður í mars árið áður hvort að útvista megi hátíðarhöldum til annarra félagssamtaka eða stofnana, einn úr nefndinni verður valinn ábyrgðarmaður og sér um samskipti við viðkomandi aðila ásamt starfsmanni nefndarinnar. Ráðuneytið tók tillögunni vel og hefur bókað aðkomu ráðherra að deginum héðan í frá.

Heimilisfesti

Kristín Lena, forstöðumaður SHH, kom á fund MÍT haustið 2020. Hún kynnti sögu samstarfs MÍT og SHH. Heimilisfesti MÍT er formlega á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, skv. lögum nr. 61/2011, en SHH hefur alltaf séð um fjármál MÍT þó það sé ekki í þeirra verkahring. Enginn samningur er á milli MÍT og SHH, eða milli MÍT og Árnastofnunar. Formaður bókaði fund með forstöðumönnum SHH og Árnastofnunar til að ræða þetta mál með samningagerð í huga.

Á fundi Málnefndar um íslenskt táknmál 18. febrúar 2021 var einróma samþykkt að óska eftir því að grein nr. 7 í lögum nr. 61 frá 7. júní 2011 verði breytt, þannig að skrifstofa Málnefndar um íslenskt táknmál verði í SHH. SHH og MVF voru upplýst um þessa beiðni MÍT. Síðar fór formaður MÍT á fund hjá ráðuneytinu og lög SHH voru skoðuð, á fundinum var óháður aðili sem fór yfir lögin. Niðurstaðan var sú að sennilega væri ástæða til að endurskoða lög SHH og að heimilisfesti MÍT komi

þar fram. MÍT sendi bréf á ráðuneytið árið 2023, en þá hafði ekkert heyrst af málinu, til þess að ítreka mikilvægi þess að heimilisfesti nefndarinnar verði færð til SHH. Svar barst ásamt umsögn frá Árnastofnun. Að áliti Árnastofnunar er eðlilegt að MÍT hafi heimilisfesti hjá SHH en mikilvægt er að tengsl við Árnastofnun verði tryggð og að tilnefndur verði fulltrúi í málnefndina. MÍT tók málið upp á fundi og var ákveðið að spyrjast betur fyrir um þessa beiðni. Árið 2024 sendi nefndin annað bréf með ítrekun en engin svör hafa borist.

Aðgengi og sýnileiki

Sýnileiki táknmáls og aðgengi döff hefur með árunum farið vaxandi, nefndin hefur lagt mikla áherslu á aðgengismál og sýnileika íslensks táknmáls í starfi sínu undanfarin ár. Á tímum heimsfaraldurs, eldsumbrota á Reykjanesi og vaxandi átaka í heiminum er aðgengi að upplýsingum mjög mikilvægt og stuðlar einnig að öryggi almennings. MÍT fundaði með Önnu Sigríði, málsfarsráðunaut RÚV árið 2021, um nýja aðgengisstefnu sem RÚV væri að innleiða. Aðalinntakið er að RÚV er allra landsmanna og þjónar auk þess öryggishlutverki. Á þeim fundi var rætt um aðgengi táknmálstalandi að fréttum, táknmálsfréttir og túlkað efni í sarpi. Táknmálstúlkaðar kvöldfréttir og Krakkafréttir hófust árið 2021 sem var stórt skref en þó voru nokkur atriði sem máttu fara betur. MÍT kom með tillögur um hvernig er hægt að komast til móts við Döff þegar aðrir viðburðir koma í stað táknmálstúlkaðra kvöldfrétta, með því að hafa táknmálstúlkun á RÚV 1. MÍT kom einnig með þá tillögu að senda út táknmálstúlkaðar Krakkafréttir á RÚV 1 en ekki RÚV 2. Erindi MÍT var tekið upp á fundi útvarpsstjóra, skrifstofustjóra, dagskrárstjóra sjónvarps og fréttastjóra ásamt fulltrúum aðgengis- og fjölbreytileikanefndar RÚV. Ákveðið var að senda ekki út táknmálstúlkaðar fréttir á RÚV 1 en í bígerð væri að bæta aðgengi að beinum útsendingum á nýjum vef RÚV. Samþykkt var að Krakkafréttir með táknmálstúlkun yrðu alltaf sendar út á RÚV 1.

Samningi SHH og RÚV var rift frá og með 1. janúar 2024 og hafa túlkarnir sem sjá um táknmálstúlkun í kvöldfréttum RÚV frá þeim tíma verið verktakar. MÍT sendi RÚV erindi varðandi gæðaeftirlit táknmálstúlkunar, sem var áður í umsjá fagstjóra táknmálstúlkunar SHH.

Á RÚV hefur íslenskt táknmál verið æ sýnilegra á síðustu árum en á lokakvöldi Söngvakeppni sjónvarpsins síðustu tvö ár hefur döff listafólk flutt lögin á ÍTM og táknmálstúlkar túlkað. Eurovision hefur einnig verið með döff kynni eða táknmálstúlkun seinustu þrjú ár. Árið 2023 var spurningaþátturinn Gettu betur táknmálstúlkaður í fyrsta skipti. Í aðdraganda forsetakosninga vorið 2024 voru kappræður á RÚV táknmálstúlkaðar ásamt kosningavöku RÚV.

Málstefna ÍTM

Þann 21. janúar 2020 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, starfshóp til að vinna málstefnu um íslenskt táknmál samkvæmt þingsályktun nr. 36/149 Áfram íslenska sem samþykkt var á Alþingi 2019. Leitað var til Málnefndar um íslenskt táknmál, Félags heyrnarlausra og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra vegna tilnefninga í starfshóp. Ráðuneytið skipaði svo eftirfarandi aðila í starfshópinn:

Heiðdísi Dögg Eiríksdóttur, formann Félags heyrnarlausra og núverandi formann Málnefndar um íslenskt táknmál sem formann starfshóps. Rannveigu Sverrisdóttur, núverandi varaformann í Málnefnd um íslenskt táknmál og lektor í táknmálsfræði- og táknmálstúlkun. Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur, forstöðumann Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, Eyrúnu Ólafsdóttur, meðstjórnanda í stjórn Félags heyrnarlausra og kennara við táknmálssvið Hlíðaskóla.

Þá höfðu Baldur Þórir Guðmundsson og Björk Óttarsdóttir, sérfræðingar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, það hlutverk að starfa með hópnum. Þar sem sérfræðiþekking á málefnum ÍTM var ekki fyrir hendi hjá sérfræðingum ráðuneytisins var starfshópnum alfarið falin umsjón með gerð málstefnu ÍTM. Málstefnan var send til þeirra til yfirferðar á lokastigum. Í upphafi skoðaði starfshópurinn Íslensku til alls - málstefnu Íslenskrar málnefndar frá árinu 2008 og fékk til sín á fund fulltrúa sem standa að endurgerð þeirrar málstefnu samkvæmt fyrrgreindri þingsályktun, Ármann Jakobsson, formann Íslenskrar málnefndar og Ágústu Þorbergsdóttur, ritara Íslenskrar málnefndar. Þá kallaði starfshópurinn til sín á fund Guðrúnu Kvaran, fyrrverandi formann Íslenskrar málnefndar, sem hafði verið í

forsvari fyrir Íslensku til alls, Ara Pál Kristinsson, fyrrverandi varaformann Málnefndar um íslenskt táknmál og sérfræðing um málstefnu og málstýringu og Valgerði Stefánsdóttur, fyrrverandi formann Málnefndar um íslenskt táknmál, fyrrverandi forstöðumann Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og nýdoktor í mannfræði með áherslu á sögu ÍTM. Þá skoðaði starfshópurinn málstefnur annarra táknmála, s.s. sænska málstefnu sem inniheldur m.a. málstefnu sænsks táknmáls (STS), málstefnu finnsk-sænsks táknmáls (FST) og málstefnu nýsjálensks táknmáls (NZSL). Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu, tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls og aðgerðaáætlun í mars 2021.

Í ársbyrjun 2024 kynnti ráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, tillögu til þingsályktunar um málstefnu ÍTM fyrir samfélagið í sal Félags heyrnarlausra. Nokkrar góðar ábendingar komu fram, þingsályktunin var send til Allsherjar- og menntamálanefndar sem kallaði meðal annars fulltrúa MÍT á fund vegna umsagnar nefndarinnar. Þann 20. mars 2024 var þingsályktun um málstefnu íslenska táknmálsins 2024-2027 samþykkt af Alþingi.

Í frumvarpi fjárlaga 2024 segir Menningar- og viðskiptaráðuneytið að lögð verði áhersla á bætta túlkaþjónustu. 45 milljónir eru sagðar lagðar í málstefnu um íslenskt táknmál, þar af renna 37.5 milljónir kr. til SHH og 7.5 milljónir fara í túlkaþjónustusjóð. Orðalag frumvarpsins lýsir skilningsleysi stjórnvalda á því hvað felst í málstefnu ÍTM, þ.e.a.s. muninum á málefnum ÍTM og túlkaþjónustu á grundvelli ÍTM. Ráðuneytið verður að skilja að efni málstefnunnar eigi að vera aðskilin frá málefnum túlkaþjónustu. Nefndin ritaði bréf til ráðuneytis, allra þingmanna og Íslenskrar málnefndar og gagnrýndi frumvarpið harðlega.

Viðburðir

Við skipulagningu 11. febrúar 2022 ákvað nefndin að bjóða samfélaginu til samtals um ýmis konar málefni sem varða ÍTM. Hugmyndin var að vera með röð umræðufunda og taka fyrir mismunandi efni, t.d. um eflingu táknmálssamfélags og-umhverfis, framtíð ÍTM og málstefnu ÍTM. Þessum fundum var frestað vegna heimsfaraldurs Covid-19 en fyrsti fundurinn fór fram í húsakynnum Félags heyrnarlausra þann 14. desember 2022 með yfirskriftinni “Hver á íslenska

táknmálið?”. Umræður voru líflegar og rætt var um nafnatákn, nýyrði, lánstákn, máltöku barna og margt fleira. Annar fundur var haldinn 18. janúar 2023 í Háskóla Íslands og spurningunni “Eru rannsóknir á ÍTM mikilvægar?” velt upp. Fundurinn var vel sóttur og niðurstaðan var að rannsóknir eru gríðarlega mikilvægar, t.d. á sviðum málvísinda og málsamfélags. Þriðji fundurinn var haldinn 15. mars á SHH og að þessu sinni rætt “Hvað er hlutverk Málnefndar um íslenskt táknmál?”. Lítil mæting var á fundinn en það var rætt um að nefndin sé til staðar ef það kemur upp óréttlæti og að brúa þurfi betur bilið milli nefndarinnar og samfélagsins.

Haustið 2022 ákvað nefndin að koma á fót námskeiði fyrir döff samfélagið. Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ) lýsti yfir vilja til að koma að þessu verkefni með málnefndinni. Nefndin sá um að finna hugmyndir að efni og kennara en EHÍ sá um skipulag og utanumhald. Sigríður Vala Jóhannsdóttir kenndi og fjallaði um bókina Deaf Utopia eftir Nyle DiMarco. Kennsla fór fram á ÍTM og engin táknmálstúlkun var í boði. Námskeiðið varði í þrjár klukkustundir, eina kvöldstund, og var kennt haustið 2023 og vorið 2024. Í seinna skiptið mætti Nyle sjálfur rafrænt og svaraði spurningum þátttakenda. Fólk var mjög ánægt með námskeiðið og ákveðið var að halda samstarfi við EHÍ áfram og bjóða upp á fleiri námskeið, en Valgerður Stefánsdóttir ætlar að kenna næsta námskeið haustið 2024 og fjalla um doktorsritgerð sína “Án táknmáls er ekkert líf: Upp með hendur!”.

Samskipti

Í ársbyrjun 2023 bauð MÍT Hildi Jörundsdóttur, sérfræðing og tengilið málnefndar við Menningar-og viðskiptaráðuneyti og Örnu Kristínu Einarsdóttur, skrifstofustjóra menningar og fjölmiðla hjá Menningar-og viðskiptaráðuneyti á fund. Kristín Lena Þorvaldsdóttir, forstöðumaður SHH, sat einnig fundinn. Tvö mál voru efst á dagskrá: Skrifstofa nefndarinnar og dagur ÍTM. Rætt var að ef heimilisfesti nefndarinnar væri færð til SHH, þá þyrfti að breyta lagatextanum. Þingsályktunartillaga um málstefnu íslensks táknmáls hefur verið samþykkt og er tækifæri til að endurskoða lögin og hlutverk nefndarinnar, það þyrfti ekki að ráðast í heildarendurskoðun heldur gæti komið til smávægileg orðalagsbreyting. Dagur íslensks táknmáls var ræddur og borinn saman við dag íslenskrar tungu en þá kom fram að íslensk málnefnd kemur

ekki beint að skipulagningu 16. nóvember en hefur þó haldið málræktarþing og veitt viðurkenningar, ráðuneytið treystir á menningarstofnanir til að halda upp á daginn. Málnefndin vill koma fastara skipulagi á daginn, og sendi ráðuneyti tillögu að skipulagi í mars 2024.

Vorið 2021 fékk MÍT fyrirspurn um Málræktarsjóð sem Íslensk málnefnd stofnaði, en megin markmið hans er “að beita sér fyrir og styðja hvers konar starfsemi til eflingar íslenskri tungu og varðveislu hennar”. Rætt var um hvort Málnefnd gæti stofnað álíka sjóð fyrir ÍTM. Tillaga kom um hvort ÍTM gæti óskað eftir samstarfi við Íslenska málnefnd um þennan sjóð. Ritari sendi bréf á Íslenska málnefnd þar sem óskað var eftir umræðu og mögulegu samstarfi í tengslum við sjóðinn en ekkert svar hefur borist.

Málnefnd sendi bréf á Mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem vakin var athygli á því að bókmenntasjóður sé til eflingu á útgáfu á íslenskum bókmenntum, en enginn sambærilegur sjóður væri til fyrir ÍTM. Svar barst, þar sem vísað var í málstefnu um íslenskt táknmál sem var í vinnslu á þeim tíma. Lagt var til að skoða hvernig efla megi útgáfu efnis á íslensku táknmáli þegar hún væri samþykkt.

MÍT barst ábending að í hæfniramma fyrir fjöltyngd börn er ekki minnst á ÍTM. MÍT sendi bréf á Menntamálastofnun (MMS) þess efnis. MMS þakkaði fyrir ábendinguna og höfðu samband við ráðuneytið varðandi hvernig best sé að verða við þessari ábendingu, þá var boðaður fundur með fulltrúum MMS, ráðuneyti og SHH. Í byrjun árs 2022 var fulltrúa MÍT boðið sæti í starfshópi um hæfnirammann.

Í lok árs 2021 var birtur *Forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði íslands nr. 125/2021.* Samkvæmt úrskurðinum myndu málefni MÍT og SHH heyra undir mismunandi ráðuneyti. MÍT studdi umsögn SHH um að mikilvægt sé að hafa allt sem íslenskt táknmál varðar undir sama ráðuneyti, fór svo að MÍT og SHH tilheyra nú Menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Stór hluti fjárframlags MÍT fer í túlkakostnað, á fundum nefndarinnar og öðrum viðburðum sem nefndin sækir. Íslensk málnefnd þarf ekki að standa straum af slíkum kostnaði. Skv. lögum nr. 61/2011 er um mismunun að ræða, ÍTM og íslenska eiga að vera jafnrétthá. Málnefnd sendi bréf á Mennta- og menningarmálaráðuneytið og

óskaði eftir því að túlkakostnaður sé greiddur sérstaklega og falli ekki undir útgjöld nefndarinnar, sem var samþykkt.

Annað

Í ársbyrjun 2018 hófst undirbúningsvinna fyrir teiknimyndaþættina “Stórhættulega stafrófið” í samstarfi við RÚV. MÍT lagði til 1,5 milljón kr. á móti Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra sem lagði til hálfa milljón kr. Árið 2024 hafði ekkert heyrst af verkefninu og nefndin hafði samband við RÚV og óskaði eftir upplýsingum um stöðu verkefnisins sem átti að ráðast í í ársbyrjun 2021. Málnefnd fékk þau svör að verkefnið hafi reynst kostnaðarsamara en gert var ráð fyrir. Framlögin eru enn eyrnarmerkt þessu tiltekna verkefni og er vilji til að það verði að veruleika. Frekara samtal um verkefnið verði tekið með haustinu.

Haustið 2019 lét MÍT hanna og prenta bókamerki með fingrastafrófi íslenska táknmálsins og er þeim dreift til allra nemenda í 3. bekk í grunnskólum landsins. Með því viljum við auka sýnileika íslenska táknmálsins og brúa bilið milli táknmálstalandi og íslenskumælandi. Bókamerkjunum hefur verið vel tekið og dreifing þeirra verið fastur liður í vinnu nefndarinnar en þeim hefur verið dreift öll haust frá árinu 2019.

MÍT hefur rætt um kaup á handriti á táknmálsþáttum frá Svíþjóð sem kallast “Þetta er sænska táknmálið”. Í þáttunum eru viðtöl og almenn fræðsla um sænska táknmálið en þeir hafa einnig verið framleiddir í Danmörku og Noregi. Formaður átti fund með eigendum þáttanna í gegnum fjarfundabúnað og eru þeir eru opnir fyrir því að selja MÍT handritið. Handrit, upptökur og framleiðsla kostar í kringum 2,6 m. kr. Heildarkostnaður liggur ekki fyrir. Nefndin vonast til að RÚV geti sett þættina á dagskrá líkt og hefur verið gert á hinum Norðurlöndunum. Formaður MÍT hefur tekið að sér að vinna áfram í þessu verkefni í samstarfi við nýja nefnd sem skipuð verður í haust.

Gervigreind hefur verið í stöðugri framþróun síðastliðin ár í tengslum við íslenskuna en nýverið hefur athyglin einnig beinst að táknmálum. Kristín Lena Þorvaldsdóttir forstöðumaður SHH, Árni Ingi Jóhannesson og Árný Guðmundsdóttir, nefndarmenn MÍT, fóru á fund með Hafsteini Einarssyni lektor í verkfræði í Háskóla

íslands. Hafsteinn og tveir nemendur hans fengu styrk til að þróa gervigreind með það að markmiði að koma táknmál yfir í texta, en þeir hafa litla þekkingu á ÍTM. Verkefnið er á byrjunarstigi og mun Árni, sem er menntaður tölvunarfræðingur og málhafi ÍTM, vinna með þeim. Fráfarandi nefnd leggur til að skipað verði teymi með fræðafólki innan háskólanna, táknmálsstofnunum og samfélagi ÍTM til þess að opna á umræðuna, fylgjast með þróun mála og sjá til þess að táknmál verði hluti af stafrænni þróun.

Lokaorð formanns

Nú hefur núverandi málnefnd um íslenskt táknmál lokið störfum sínum samkvæmt skipunarbréfi ráðuneytisins og því kjörið að líta aðeins yfir farinn veg. Þegar ég tók við formennsku málnefndar vorum við í miðjum Covid-19 faraldri og var það áskorun að halda starfsemi málnefndarinnar gangandi og styðja við og styrkja íslenska táknmálið þegar takmarkanir voru sem mestar. Eins og lesa má af skýrslunni hefur nefndin haft nóg að gera og tekið þátt í stórum verkefnum og árið 2024 er Ísland með formennsku í norðurlandasamstarfi málnefnda táknmála og í því felst að fylgja eftir verkefnum sem Norræna ráðherranefndin hefur styrkt fyrir árið 2024 og skipuleggja fund fyrir málnefndir táknmála á Norðurlöndum á Íslandi haustið 2024. Ánægjulegt er að sjá þátttöku Grænlands og Færeyja í samstarfinu og þar með eru 8 mismunandi táknmál á Norðurlöndum í samstarfinu. Málnefnd um íslenskt táknmál hefur líka verið að að vinna að því markmiði að geta frumsýnt fjóra þætti á næsta ári sem fjalla um íslenska táknmálið. Þessir þættir hafa verið sýndir í ríkissjónvarpi Svíþjóðar, Danmörku og Noregs við góðar undirtektir. Þættirnir verða mikilvægar heimildir íslensks táknmáls og fróðlegir fyrir komandi kynslóðir. Við íslenska þjóðin berum þá ábyrgð að halda kyndlinum áfram logandi á milli kynslóða og getur það verið erfitt þegar fáir á Íslandi hafa þá færni að halda kyndlinum, sérstaklega þegar á móti blæs en saman stöndum við vörð um tungumálið okkar, íslenska táknmálið.

Viðauki 1

Helstu kostnaðarliðir á árinu 2023

Laun starfsmanns (10% starf)		1.151.495
Nefndarlaun		699.334
Styrkur vegna námskeiðshalds Deaf Utopia		200.000
Túlkun		197.613
Ýmislegt, bankagjöld o.fl		212.727
Fært frá fyrra ári		1.829.905
	Alls greitt	**4.291.074**

Árlegt fjárframlag er 4.000.000 frá ráðuneyti.

31. maí 2024 var staðan í plús 1.372.216 en þá hafði fjárframlag ársins ekki borist en oftast berst það í lok árs.